

1 Framteljandi

Nafn	Kennitala
Heimili	Sveitarfélag

2 Upplýsingar um launagreiðanda, fjárhæð ökutækjastyrks og akstur

Akstur í þágu launagreiðanda skv. akstursdagbók eða akstursskýrslu

Launagreiðandi, nafn og kennitala

Fjárhæð

Launagreiðandi, nafn og kennitala	Fjárhæð	km
	kr.	km
	kr.	km
	kr.	km
	kr.	km
Samtals	A	Samtals B

3 Útreikningur á frádrætti

Til frádráttar í lið 2.6 á skattframtali færast sú fjárhæð sem lægri er í reitum A eða C	Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B	x	Heimill frádráttur pr. km sbr. töflu á bakhlið	=	C
	km		kr./km		kr.

Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið skv. akstusbilinu fyrir neðan. Sjá dæmi á bakhlið.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi akstursdagbækur eða akstursskýrslur og önnur gögn til ríkisskattstjóra.

 Dagsetning

 Undirskrift

Skýringar

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi skal færa til tekna, heimilast til frádráttar tiltekinn kostnaður á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist hærrí fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggja skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla, þ.m.t. á rafrænu formi, þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Einnig þarf að liggja fyrir hver heildarakstur bifreiðar er á hverju ári. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í þágu launagreiðanda. Frádráttur er ákvarðaður miðað við hver heildarakstur hefur verið í þágu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á því akstursbili, sbr. töflu að neðan. Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið samkvæmt akstursbilinu fyrir neðan. Hafi akstur t.d. numið 1.010 km skal miða frádrátt við 108 kr. á hvern km, en þó aldrei lægri fjárhæð en 110.000 kr. (þ.e. 1.000 km margfaldað með 110 kr.). Eftirfarandi fjárhæðir heimilast til frádráttar á móti greiðslum frá launagreiðanda vegna aksturs í hans þágu miðað við hvern ekinn kílómetra:

Akstur í þágu launagreiðanda	Frádráttur vegna almenns aksturs á hvern ekinn km	Frádráttur vegna sérstaks aksturs á hvern ekinn km	Frádráttur vegna torfæruaksturs á hvern ekinn km
0-1.000 km	110 kr.	127 kr.	160 kr.
1.001-2.000 km	108 kr.	124 kr.	157 kr.
2.001-3.000 km	106 kr.	122 kr.	154 kr.
3.001-4.000 km	93 kr.	107 kr.	135 kr.
4.001-5.000 km	91 kr.	105 kr.	132 kr.
5.001-6.000 km	89 kr.	102 kr.	129 kr.
6.001-7.000 km	87 kr.	100 kr.	126 kr.
7.001-8.000 km	86 kr.	99 kr.	125 kr.
8.001-9.000 km	84 kr.	97 kr.	122 kr.
9.001-10.000 km	82 kr.	94 kr.	119 kr.
10.001-11.000 km	78 kr.	90 kr.	113 kr.
11.001-12.000 km	76 kr.	87 kr.	110 kr.
12.001-13.000 km	74 kr.	85 kr.	107 kr.
13.001-14.000 km	72 kr.	83 kr.	104 kr.
14.001-15.000 km	70 kr.	81 kr.	102 kr.
15.001 og meira	65 kr.	75 kr.	94 kr.

Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur verið heimilt að færa frádrátt á móti greiðslum fyrir slík afnot ökutækis, enda séu þau afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

Sérstakt gjald er eingöngu fyrir akstur á vegum þar sem ekki er bundið slitlag og **torfærugjald** fyrir akstur utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbifreiðum. Gera þarf fullnægjandi grein fyrir því að forsendur séu fyrir greiðslu sérstaks gjalds eða torfærugjalds.